

Erindisbréf

starfshóps um húsnæðisþörf og þróun útisvæðis Leikskólans Ásgarðs.

Stjórnskipuleg staða

Starfshópur um húsnæðisþörf og þróun útisvæðis Leikskólans Ásgarðs, tilnefndur á 1259. fundi byggðarráðs þann 27. október 2025 heyrir undir sveitarstjórn. Í starfshópnum sitja eftirfarandi fulltrúar:

- Formaður fræðsluráðs sem jafnframt er formaður hópsins.
- Fulltrúi minnihluta í sveitarstjórn.
- Fulltrúi úr foreldrafélagi Leikskólans Ásgarðs.

Með hópnum starfa sviðsstjóri fjölskyldusviðs, leikskólastjóri og verkefnisstjóri umhverfismála.

Sveitarstjóri hefur heimild til að sitja fundi hópsins með málfrelsi og tillögurétt.

Við tilnefningar í hópinn skal gæta að kynjahlutföllum í samræmi við Jafnréttisáætlun Húnaþings vestra.

Hlutverk starfshópsins er að:

- Meta húsnæðisþörf leikskólans út frá mannfjöldaspám og húsnæðisáætlun sveitarfélagsins.
- Setja fram tillögu að stækkun leikskólans með tilliti til þarfar.
- Setja fram tillögu að þróun útisvæðis leikskólans í tengslum við stækkun leikskólans.

Starfshættir

Hópurinn skal rita fundargerðir sem lagðar eru fyrir sveitarstjórn að hverjum fundi loknum. Starfsmaður nefndarinnar færir fundargerðir í fundargerðakerfi sveitarfélagsins. Hópurinn hefur heimild til að kalla þá til fundar sem nauðsyn þykir vegna starfa sinna og skal leitast við að hafa samráð við helstu hagaðila, svo sem starfsmenn og foreldra. Einnig skal viðhaft samráð við skipulags- og byggingarfulltrúa og leiðtoga veitna vegna hugmynda um mögulega stækkun leikskólans.

Skal hópurinn taka mið af þeim stefnum og áætlunum sem fyrir liggja hjá sveitarfélaginu ásamt Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna og verkefnunum um Heilsueflandi samfélag og Barnvænt sveitarfélag.

Starfshópurinn skal starfa frá 19. nóvember 2025 til 1. mars 2026. Hópnum er ekki heimilt að stofna til útgjalda án heimildar byggðarráðs/sveitarstjórnar. Ekki er greitt sérstaklega fyrir fundarsetu.

Erindisbréf samþykkt á 1259. fundi byggðarráðs sem haldinn var þann 20. október 2025 og staðfest á 396. fundi sveitarstjórnar þann 18. nóvember 2025.